

Reykjavík, 23. nóvember 2009 2009110023 / 004.1

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Símans hf. við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum. Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010. Þingskjal 57 – 57. mál.

1.0. Almenn

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum sem lagt var fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010. Þskj. 57 – 57. mál.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að lækka álagningarprósentu jöfnunargjalds í jöfnunarsjóð alþjónustu og hins vegar að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 544/2009/EB frá 18. júní 2009, um breytingar á reglugerð nr. 717/2007/EB um reiki í farsímanetum innan bandalagsins, og á tilskipun 2002/21/EB.

Verður hvort um sig nú tekið til umfjöllunar í aðskildum köflum.

2.0. Lækkun álagningarprósentu jöfnunargjalds

Síminn hf. gerir ekki athugasemdir við fyrirætlanir um að lækka álagningarprósentu jöfnunargjalds í jöfnunarsjóð alþjónustu úr 0,65% í 0,10%. Þó er vert að geta þess að af frumvarpinu má ráða að einungis er gert ráð fyrir að úthlutað sé úr jöfnunarsjóði alþjónustu til Neyðarlínunnar ehf.

Ákvæði um alþjónustuskyldur og fjárframlög til alþjónustu í fjarskiptalögum eru innleiðing á alþjónustutilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB vegna skuldbindinga sem leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í II. kafla tilskipunarinnar er fjallað um alþjónustu, þær alþjónustuskyldur sem ríkjum á EES-svæðinu ber að innleiða í landsrétt auk þess hvernig fjármögnun alþjónustuskyldna skuli fara fram. Í öðrum köflum tilskipunarinnar er síðan fjallað um önnur réttindi borgara á EES-svæðinu en alþjónustu, þ.m.t. neyðarþjónustu sem fjallað er um í IV. kafla.

Í 32. gr. alþjónustutilskipunar segir:

„Aðildarríkin geta gert viðbótarþjónustu, aðra en þá þjónustu sem fellur undir alþjónustuskyldur eins og skilgreint er í II. kafla, aðgengilega almenningi á eigin yferráðasvæði en í slíkum tilvikum er ekki heimilt að fyrirskipa fyrirkomulag fyrir jöfnunargreiðslur til ákveðinna fyrirtækja.“

Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 32. gr. er því óheimilt að fjármagna aðra þjónustu en þá sem sérstaklega er tilgreind í II. kafla tilskipunarinnar með framlögum úr jöfnunarsjóði. Í 12. og 13. gr. tilskipunarinnar má finna sömu reglu stað þar sem alþjónustuframlög skulu einungis notuð til að fjármagna skyldur skv. 3. – 10. gr. tilskipunarinnar.

Neyðarþjónusta og neyðarsvörun telst ekki til alþjónustu skv. 3. – 10. gr. II. kafla tilskipunarinnar. Neyðarþjónusta og neyðarsvörun er heldur ekki getið í 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga. Ákvæði í 4. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um að neyðarþjónusta og neyðarsímsvörun teljist til alþjónustu hefur því ekki viðhlítandi lagastoð auk þess sem óheimilt er að auka við alþjónustukvaðir umfram það sem getið er í

alþjónustutílskipuninni. Í þessu samhengi verður að hafa í huga meginreglu 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið um að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

Sú framkvæmd sem hefur verið viðhöfð varðandi úthlutun úr jöfnunarsjóði alþjónustu til neyðarsímsvörunar samræmist því ekki tilvitnaðri alþjónustutílskipun og á sér ekki lagastoð í fjarskiptalögum.

Með vísan til framangreinds er því skorað á samgöngunefnd að gera þá breytingu á fjarskiptalögum samhliða lækkun álagningarprósentu jöfnunargjalds að tekin verði af öll tvímæli um að neyðarsímsvörun teljist ekki til alþjónustu. Væri þá framkvæmdin færð til samræmis við alþjónustutílskipun ESB.

3.0. Innleiðing reikireglugerðar ESB


Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 544/2009/EB frá 18. júní sl. um breytingu á reglugerð nr. 717/2007/EB, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins. Með fyrrnefndu reglugerðinni er gildissvið þeirrar síðarnefndu vikkað og hún látin ná til skilaboðasendinga og gagnaflutningsþjónustu um farsímanet. Innleiðing reglugerðarinnar hefur þegar verið samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni. Það leiðir af 7. gr. a. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að reglugerðin skal tekin upp í landsrétt óbreytt.

Það er sérlega brýnt að reikireglugerðin verði innleidd á Íslandi sem fyrst. Með því geta fjarskiptafyrirtæki fengið verð fyrir reikiþjónustu á lækkuðum kjörum á EES-svæðinu. Of há verðlagning á gagnaflutningsþjónustu á EES-svæðinu, sem er að rekja til heildsöluverða fjarskiptafyrirtækja á hverju svæði fyrir sig hefur skapað talsverð vandamál fyrir notendur þjónustunnar þar sem algengt hefur verið að verulega háir reikningar hafi komið til eftir notkun erlendis.

Síminn hf. telur því ekki efni til að gera athugasemdir við þann þátt frumvarpsins sem lýtur að innleiðingu tilvitnaðrar reglugerðar.

Helsta vandamálið varðandi innleiðingu reikireglugerðarinnar er að gengisviðmið skal tekið einu sinni á ári, sbr. 2. gr. (b) reglugerðar 544/2009/EB sem breytir 4. mgr. 1. gr. reglugerðar 717/2007/EB. Þær miklu sveiflur sem eru á íslensku krónunni geta því bæði valdið íslenskum fjarskiptafyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra fjárhagslegu tjóni ef ekki verður unnt að miða við gengi krónunnar eins og hún er hverju sinni. Telur Síminn hf. því nauðsynlegt að annað tveggja komi til að Alþingi kveði sérstaklega á um það í lögum að heimilt sé að miða við gengi íslensku krónunnar hverju sinni í stað þess að miða við stöðuna einu sinni á ári eða að slíkt ákvæði verði sett í reglugerð á stjórnarsýslustigi.

Virðingarfyllst,
f.h. Símans hf.,


Hallmundur Albertsson, hdl.